

Kozak gegn Póllandi

Dómur frá 2. mars 2010

Mál nr. 13102/02

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

14. gr. Bann við mismunun

Leigusamningar um íbúðarhúsnæði. Mismunun á grundvelli kynhneigðar.

1. Málsatvik

Kærandi, Piotr Kozak, er pólskur ríkisborgari, fæddur árið 1951, og búsettur í Stettin í Póllandi. Kærandi er samkynhneigður og bjó um nokkurt skeið með maka sínum sem var skráður leigutaki íbúðarinnar sem þeir bjuggu í. Maki kæranda lést í apríl árið 1998 og sótti kærandi þá um að fá að leigja íbúðina áfram. Leigusalinn, sveitarfélagið sem kærandi bjó í, hafnaði beiðni kæranda og vísaði til þess að kærandi hefði ekki búið í íbúðinni áður en leigutakinn lést. Honum var síðan gert að flytja úr íbúðinni.

Kærandi höfðaði mál gegn sveitarfélaginu og krafðist þess að réttindi hans til að búa í íbúðinni yrðu viðurkennd. Hann vísaði til þess að samkvæmt húsnæðislögum ættu þeir sem hefðu verið í sambandi við leigutaka sem jafna mætti við hjónaband rétt til að taka við leigusamningi að honum látnum. Kröfu kæranda var hafnað með vísan til þess að pólsk lög viðurkenndu einungis hjónaband karls og konu. Dómstóll veitti kæranda ekki heimild til að skjóta til Hæstaréttar ágreiningi um hvort samband samkynhneigðra einstaklinga félli undir ákvæði húsnæðislaga um einstaklinga sem væru í sambandi sem jafna mætti við hjónaband. Dómstóllinn leitaði heldur ekki eftir afstöðu stjórnlagadómstóls Póllands til þess hvort túlkun hans á framangreindu ákvæði húsnæðislaganna stríddi gegn pólsku stjórnarskránni eða Mannréttindasáttmálanum.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi reisti kröfu sína einkum á 8. og 14. gr. sáttmálans. Hann vísaði til þess að pólskir dómstólar hefðu mismunað honum á grundvelli kynhneigðar með því að viðurkenna ekki rétt hans til að ganga inn í leigusamning um íbúðarhúsnæði eftir að sambýlismaður hans féll frá.

Niðurstaða

Mannréttindadómstóllinn tók undir með pólska ríkinu að ekki hefði verið fullt samræmi í framburði og yfirlýsingum kæranda fyrir pólskum dómstólum um eðli og lengd sambands hans og látins maka hans. Dómstóllinn tók fram að það væri ekki hans hlutverk að meta staðreyndir málsins, en honum bæri að einskorða athugun sína við málsmeðferðina sem viðhöfð var í málinu.

Dómstóllinn tók fram að pólskir dómstólar hefðu lagt áherslu á að kærandi og maki hans hefðu verið samkynhneigðir við mat á því hvort samband þeirra uppfyllti skilyrði húsnæðislaga. Þrátt fyrir að dómstólar hefðu einnig dregið í efa að kærandi hefði í raun búið í íbúðinni áður en maki hans lést, hefði sú staðreynd að samkynhneigðir sambýlismenn áttu í hlut í raun verið ástæða þess að ekki var fallist á kröfu kæranda.

Dómstóllinn féllst á að lögmætt væri að vernda samband karls og konu sérstaklega eins og gert var í pólsku stjórnarskránni með vísan til þess að þess konar sambönd væru grundvöllur fjölskyldunnar. Af þessum sökum gæti verið heimilt að leggja kynhneigð fólks til grundvallar þegar einstaklingar fengju mismunandi úrlausn mála sinna. Aftur á móti yrði að veita og meta annars vegar þá hagsmuni sem lægju að baki vernd fjölskyldunnar og hins vegar réttindi minnihlutahópa samkvæmt sáttmálanum. Við þetta mat yrði að hafa í huga þá samfélagslegu þróun sem átt hefði sér stað í þá átt að fólk hagaði einkalífi sínu með margs konar hætti. Dómstóllinn tók í þessu sambandi fram að hann gæti ekki fallist á þá afdráttarlausu niðurstöðu pólskra dómstóla að nauðsynlegt væri að neita samkynhneigðum einstaklingum um að taka við réttindum leigutaka til að ná því samfélagslega markmiði að vernda fjölskylduna.

Með vísan til þessa taldi dómstóllinn að brotið hefði verið gegn réttindum kæranda samkvæmt 14. gr. samhliða 8. gr. sáttmálans.

Dómstóllinn taldi að kærandi hefði ekki sýnt fram á tengsl á milli brotsins og fjárhagslegs tjóns og hafnaði kröfu hans um skaðabætur fyrir fjárhagstjón. Þá taldi dómstóllinn að niðurstaðan sem slík fæli í sér nægilegar bætur fyrir miska kæranda. Þar sem kærandi hafði ekki lagt fram nein gögn til að sýna fram á kostnað af rekstri kærumálsins var kröfum hans um greiðslu kostnaðar hafnað.